

Mál nr. 403/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 2. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. september 2023, varð M fyrir líkamstjóni þann sama dag, er bifreiðinni A var ekið yfir fót M með þeim afleiðingum að hann hlaut slæmt beinbrot.

Ökumaður A lýsir atvikum á þann veg að nokkrir unglingar hafi komið upp að bifreið hans og óskað eftir því að ökumaður og farþegi bifreiðarinnar myndu útvega þeim áfengi. Því hafi hann neitað og hafi drengirnir þá hafið að hreyta órðum í þá. Því næst hafi einn af drengjunum hlaupið að bifreiðinni og kýlt í hægri afturrúðu bifreiðarinnar. Allir drengirnir hafi komið hlaupandi að bifreiðinni og hafi ökumaður séð í hvað stefndi og ekið á brott með þeim afleiðingum að M datt aftur á bak. Vissi ökumaður ekki hvort eða hvað hafi komið fyrir M því hann var að drífa sig í burtu áður en drengirnir myndu allir veitast að bifreið sinni. Í framburði sínum á vettvangi kvaðst M hafa misstigið sig. Var hann sjáanlega undir áhrifum áfengis og ekki var hægt að fá nánar úr honum hvað hafði átt sér stað. Önnur vitni á vettvangi vissu ekki heldur hvort bifreiðinni A hefði verið ekið á M. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 25. september 2023 kvaðst M ekki muna hvað hafi gerst.

Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns. Af hálfu V hefur bótaskylda verið samþykkt en bætur skertar um 2/3 hluta vegna eigin sakar. Í málskoti lýsir M atvikum á þann veg að hann hafi hvorki veist að ökumanni bifreiðarinnar eða komið við bifreiðina áður en ökumaður hennar ók yfir vinstri fót hans með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Hann hafi aldrei haft í frammi ógnandi tilburði. Lýsing ökumanns eigi frekar við eftir að slysið varð en þá hafi hópur af ungu fólki komið. Þegar ökumaður A ók yfir vinstri fót hans hafi bara M og vinur hans verið á vettvangi. Lýsing ökumanns og farþega sé því röng í öllum aðalatriðum. Engin gögn eða sönnun liggi fyrir um það í málinu, að M hafi gerst sekur um það atferli sem V byggir afstöðu sína á og gegn eindreginni neitun hans á því að hafa haft afskipti af umræddri bifreið eða ökumanni fyrir vátryggingaratburðinn verði sú atvikalýsing ekki lögð til grundvallar. Þegar lýsing ökumanns A sé skoðuð, þá fullyrði hann ekki að M hafi veist að honum eða kýlt í hægri afturrúðu bifreiðarinnar. Þá segir ökumaður að hann hafi ekið af stað vegna þess að hópur drengja hafi komið hlaupandi að bifreiðinni. Hafnar M því að hafa verið í einhverjum slíkum hópi. Skoða ber í þessu sambandi, að hafi það verið M, sem ökumaður lýsir að hafi barið í hægri afturrúðuna og verið við bílinn umrætt sinn, þá hafi það ekki verið vegna hans sem ökumaður ákvað að aka af stað, heldur annarra utanaðkomandi atriða. M hafi því ekki gerst sekur um stórkostlegt gáleysi. Eina sem standi eftir sé að M var undir áhrifum áfengis þegar ekið var á hann. M eigi ekki að þurfa að þola skerðingu á bótarétti vegna þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á grundvelli lögregluskýrslunnar hafi V lagt til grundvallar að ekið hefði verið yfir fót M og viðurkennd var bótaskylda að einum þriðja hluta úr ábyrgðartryggingu A. M hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis og veist að bifreiðinni A með því að kýla í hægri afturrúðu bifreiðarinnar í aðdraganda atviksins. Er það því afstaða V að M hafi sjálfur verið valdur að vátryggingaratburðinum með stórkostlegu gáleysi. Bótaréttur M er því felldur niður um 2/3 hluta þar sem tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hann hafi ekki verið vel áttaður þegar hann ræddi við lögreglu um slysið og hafi þá ekki munað glögglega það sem gerst hafði. Hann hafi rifjað það upp og frásögn hans sé í samræmi við það sem hann veit sannast og réttast varðandi aðdraganda slyssins. Ljóst sé að ökumaður A hafi ekið yfir fót M án þess að nokkuð liggi fyrir í málinu um að M beri nokkra ábyrgð á ábyrgðarlausum akstri ökumanns A.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þetta er hin hlutlæga ábyrgðarregla laganna. Í 4. mgr. sömu greinar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumskýrslu lögreglu var M undir áhrifum áfengis og neitaði að gefa lögreglu skýrslu á slysavettvangi. Síðar kvaðst hann hafa misstigið sig. Ökumaður og farþegi bifreiðarinnar A greina báðir frá því á vettvangi að ungir drengir hafi komið upp að bifreið þeirra þar sem hún var kyrrstæð í Logafold. Í kjölfar orðaskipta hafi einn af drengjunum hlaupið að bifreiðinni og kýlt í hægri afturrúðu hennar. Hafi ökumaður því ekið á brott með þeim afleiðingum að M datt aftur á bak. Annar drengur sem lögregla ræddi við á vettvangi var í mjög annarlegu ástandi og kvaðst ekki vita hvað hefði gerst nema að M hafi dottið þegar þeir voru að hlaupa frá bifreiðinni. Í framburði M við skýrslugjöf hjá lögreglu hinn 10. september 2023 kveðst M ekki muna hvað gerðist. Það er ekki fyrir en með yfirlýsingu dags. 10. október 2024, rúmlega ári eftir tjónsatvikið, sem M hafnar því að hafa kýlt í afturrúðu bifreiðarinnar A eða veist að ökumanni þeirrar bifreiðar. Þá lýsir hann því í yfirlýsingunni að ökumaður A hafi ekið af stað, skyndilega og án þess að gefa nein varúðarmerki og yfir vinstri fótlegginn á honum án þess að hann hefði neitt til sakar unnið. Er sú yfirlýsing ekki í samræmi við samtímagögn málsins þar sem M lýsti því yfir tvisvar hjá lögreglu að hann muni ekki hvað hafi gerst umrætt sinn og verður yfirlýsingin því ekki lögð til grundvallar. Bæði ökumaður og farþegi bifreiðarinnar A lýstu því á vettvangi að veist hafi verið að bifreið þeirra umrætt sinn með höggum. Ökumaður tilgreinir M sem þann sem kýldi í afturrúðu bifreiðarinnar þ.e. hann talar um að einn af drengjunum hafi hlaupið að bifreiðinni og kýlt í rúðuna og að „drengurinn“ hafi dottið aftur á bak. Verður framburður hans ekki skilinn á annan veg en að þar sé átt við M.

Á tjónsdegi var M eingöngu 16 ára gamall en þrátt fyrir ungan aldur verður að telja að honum hafi ekki getað dulist sú hættu sem í því felst að ráðast að bifreið með höggum og ógnandi tilburðum. Leiddi sú háttsemi hans til þess að ökumanni M var nauðugur einn sá kostur að aka af stað með þeim afleiðingum að fótur M lenti undir bifreiðinni. Með þeirri háttsemi sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi en óumdeilt er að hann var umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Eins og málum er hér háttað, er það mat nefndarinnar að V sé heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en heimilt er að skerða þær um 2/3 hluta.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir